

VesturVerk ehf  
Suðurgötu 12  
400 ÍSAFIRÐI

Reykjavík, 15. mars 2019  
Tilvísun: OS2019020083/50.4.5  
Verknúmer: 1070000

**Efni: Framlenging á rannsóknarleyfi Vesturverks ehf. til 31. desember 2025 vegna áætlana um Hvanneyrardalsvirkjun í Ísafirði við Ísafjarðardjúp í Súðavíkurbreppi, áður útgefið 15. mars 2016**

Vísað er til erindis Vesturverks ehf., kt. 641088-1379, dags. 19. febrúar 2019, þar sem óskað er eftir framlengingu á leyfi til rannsókna vegna áætlana um virkjun Hvanneyrardalsár í Ísafirði við Ísafjarðardjúp í Súðavíkurbreppi. Umrætt rannsóknarleyfi, dags. 15. mars 2016, til þriggja ára rennur út 14. mars 2019 og er óskað eftir framlengingu til ársloka 2025.

Fram kemur í erindinu að þær rannsóknir sem hafa farið fram benda til þess að hagkvæmt geti verið að setja upp 12 MW virkjun með 80 GWh/ári framleiðslugetu. Slík virkjun fellur undir ákvæði um rammaáætlun skv. 3. mgr. 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Þessi virkjunarkostur hefur ekki hlotið efnislega meðferð rammaáætlunar og biður framleggingar fyrir 4. áfanga þegar opnað verður fyrir tillögur. Óskar Vesturverk eftir því að rannsóknarleyfi verði framlengt meðan á þeirri umfjöllun stendur, sem og í ljósi þeirra tafa sem þegar hafa orðið á afgreiðslu 3. áfanga rammaáætlunar. Þá er vísað til þess að ekki liggi enn fyrir niðurstaða Landsnets um afhendingarstað raforku í Ísafjarðardjúpi en það er ein af forsendum þess að ráðist verði í nauðsynlegar en dýrar rannsóknir á virkjunarkostinum, sbr. framlagða rannsóknaráætlun í fyrri umsókn.

Orkustofnun fer með leyfisveitingar til rannsókna m.a. sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.


Við veitingu rannsóknarleyfis leit Orkustofnun sérstaklega til þess að hugsanlegt væri að virkjunarkosturinn félli undir lagaákvæði um rammaáætlun. Þar sem ekki væri búið að afmarka stærð virkjunarkosts né fjalla um hann í fyrirliggjandi áætlunum yrði að líta til málsmeðferðar virkjunarkosta í biðflokk, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011. Í 2. mgr. 5. gr. laganna er kveðið á um að stjórnvöldum sé ekki heimilt að veita leyfi tengd orku orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í biðflokk. Hins vegar er skv. 3. mgr. 5. gr. heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna slíkra virkjunarkosta enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar skamkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra.


Ljóst er að leyfishafi situr í ákveðnu stjórnsýslulegu tómarúmi vegna tafa við framgang rammaáætlunar þar sem 3. áfangi hefur ekki hlotið afgreiðslu Alþingis og því hefur vinna við 4. áfanga ekki hafist. Meðan svo háttar er ekki hægt að ráðast í frekari undirbúningsrannsóknir.

Í ljósi framanritaðs og fram lagðra gagna leyfishafa, fellst Orkustofnun hér með á að áður út gefið rannsóknarleyfi, dags. 15. mars 2016 vegna áætlana um Hvanneyrardalsvirkjun á vatnasviði Hvanneyrardalsár í Ísafirði við Ísafjarðardjúp í Súðavíkurbreppi verði framlengt til 31. desember 2025 og skal rannsóknum þá lokið. Skilmálar þeir er fylgdu leyfi útgefnu 15. mars 2016 skulu haldast óbreyttir með leyfi þessu.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt auðlindalögum, sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 33. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina nr. 130/2011. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra, skv. ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra

  
Hanna Björg Konráðsdóttir  
lögfræðingur

  
Kristján Geirsson  
verkefnisstjóri

*Fylgiskjöl: Umsókn án fylgiskjala*



Ísafjörður, 19. febrúar 2019

Orkustofnun  
bt. Harpa Þórunn Pétursdóttir  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

**Erindi: Framlenging rannsóknarleyfis fyrir Hvanneyrardalsvirkjun, mál OS2016010076**

Undirritaður fyrir hönd VesturVerks ehf. óskar eftir framlengingu rannsóknarleyfis fyrir Hvanneyrardalsvirkjun í Ísafirði, Ísafjarðardjúpi. Leyfi VesturVerks ehf. til rannsókna vegna Hvanneyrardalsvirkjun var fyrst veitt 15. mars 2016 til þriggja ára.

VesturVerk hefur unnið að eftirfarandi rannsóknum frá árinu 2016:

**1. Líkanagerð**

Vinna við líkanagerð er í undirbúningi og hefst á komandi sumri hjá verkfræðistofunni Vatnaskilum ehf. Ekki hefur þótt rétt að byrja á þeirri vinnu fyrr þar sem mælingar á rennsli hafa aðeins staðið yfir í tæp þrjú ár.

**2. Landmælingar og jarðfræðirannsóknir**

Gerð hafa verið hæðarlínukort (1m) af fyrirhuguðu virkjunarsvæði. Jarðfræðingar hafa yfirfarið svæðið (á korti og loftmyndum) með tilliti til þekktra sprungusvæða.

**3. Jarðfræðirannsóknir og jarðefnaleyti**

Farið var í vettvangsferð og aðstæður skoðaðar en ekki hefur verið unnið að frekari jarðfræðirannsóknum á svæðinu.

**4. Rennslis- og veðurmælingar**

Unnið hefur verið að endurmati mælinga á eldri mæligögnum og settir hafa verið upp þrjár síritandi rennslismælar á fjöllum. VesturVerk ehf. hefur bætt við mælum í veðurstöð Vegagerðarinnar á Steingrímsfjarðarheiði og verður sú veðurstöð notuð til viðmiðunar til að byrja með.

**5. Umhverfisgreining**

Frumumhverfisgreining fyrir virkjunina hefur farið fram.

**6. Frumhönnun og forathugun á hagkvæmni**

Eftir vettvangsrannsókn verkfræðinga var farið í frumhönnun virkjunarinnar og er henni lokið svo og athugun á hagkvæmni. Niðurstaða þeirrar vinnu leiddi í ljós að hagkvæmt geti verið að setja upp 12MW virkjun með 80GWh/ári í framleiðslugetu.

Leyfi: OS-2016-L004-02 Mál: OS2019020083 (einnig OS2016010076)



Strax og ljóst var að virkjun þessi gæti orðið að þeirri stærðargráðu að hún þyrfti að fara í rammaáætlun var ákveðið að vinna öll nauðsynleg gögn svo að virkjunin yrði tekin til meðferðar í rammaáætlun 4.

VesturVerk ehf. fyrirhugar að leggja Hvanneyrardalsvirkjun fram til mats í rammaáætlun 4 þar sem hún er áætluð stærri en 10MW. Öll nauðsynleg gögn hafa verið unnin og eru tilbúin til framleggingar fyrir nefnd rammaáætlunar þegar opnað verður fyrir tillögur.

Því byggist umsókn okkar á því að halda rannsóknarleyfinu á meðan virkjunin er til meðferðar hjá rammaáætlun og tveimur árum betur. VesturVerk ehf. gefur sér að vinna rammaáætlunarnefndar (rammaáætlun 4) ljúki á fjórum árum og sækir því um framlengingu til sex ára eða til ársloka 2025.

Enn liggur ekki fyrir niðurstaða Landsnets um afhendingarstað raforku í Ísafjarðardjúpi en afhendingarstaðurinn er ein af forsendum þess að hefja dýrar rannsóknir á virkjunarkostinum. Hvanneyrardalsvirkjun verður að öllum líkindum tengd að nýjum afhendingarstað í Ísafjarðardjúpi.

Hvalárvirkjun	Rammaáætlun 4				2023				2025			
Rannsóknarþáttur:	1. ár	2.ár	3.ár	4.ár	1. fjórð	2. fjórð	3. fjórð	4. fjórð	1. fjórð	2. fjórð	3. fjórð	4. fjórð
Vatnafar og líkanagerð												
Staðfesting á stærð náma												
Jarðfræðirannsóknir og boranir												
Rannsóknir og prófanir á jarðefnum												
Rannsóknir vegna matsáætlunar												
Rennslis og veðurmælingar												

Virðingarfyllst,

F.h. VesturVerks ehf.

Gunnar G. Magnússon

framkvæmdarstjóri

[gunnar@vesturverk.is](mailto:gunnar@vesturverk.is)

Leyfi: OS-2016-L004-02 Mál: OS2019020083 (einnig OS2016010076)